

Reykjavík, 15.05.2013
1.4.1.1/HS, EHj

Umhverfis- og auðlindaráðherra, Svandís Svavarsdóttir
Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Efni: Ósk um skoðun á olíuslysi á vatnsverndarsvæði Höfuðborgarsvæðisins 8. maí 2013

I.

Um kl. 14:00 miðvikudaginn 8. maí sl. varð olíuslys á vatnsverndarsvæði Höfuðborgarsvæðisins í Bláfjöllum. Dísilolíutankur féll úr 2-3 metra hæð neðan úr þyrlu, sem notuð var við flutning hans. Tankurinn brast og um 600 lítrar af olíu flæddu úr honum, sem er öll sú olía sem í honum var. Olíuna átti að flytja í tank við Þríhnúka, náttúruvætti sem er á fjarsvæði A vatnsverndar Höfuðborgarsvæðisins og í Bláfjallafólkvangi.

Starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur – eftirlitsmaður með vatnsverndarsvæðunum og gæðastjóri – voru sjónarvottar að slysinu. Í ljósi frásagnar þeirra, ljósmynda sem þau tóku á vettvangi fyrir og eftir slysið og annarra gagna sem aflað hefur verið, hefur starfsfólk Orkuveitunnar rýnt atburðarásina og tildrög hennar. Við þessa fyrstu skoðun virðist sem allnokkur frávík hafi orðið frá reglum, samþykktum og réttu verklagi. Þau eru tíunduð hér að neðan.

Að þessu máli kemur með einhverjum hætti fjöldi aðila; þrjú heilbrigðiseftirlit og þrjár vatnsveitur, sem afla vatns í Heiðmörk fyrir fólk og fyrirtæki í sex sveitarfélögum, auk Umhverfisstofnunar. Þá er ótalinn framkvæmdaaðilinn og sveitarstjórnirnar á svæðinu en a.m.k. tvö þeirra eiga hlutafé í Þríhnúkum ehf., Reykjavíkurborg og Kópavogskaupstaður. Eign þeirra nemur samanlagt 20 m.kr., sem eru um þriðjungur hlutfjár í Þríhnúkum ehf. Á árinu 2008 veitti stjórn Orkuveitunnar félaginu 1 m.kr. styrk til rannsókna á jarðlögum.

Orkuveitan telur nauðsynlegt að dreginn verði lærdómur af þessu slysi við olíuflutninga að Þríhnjúkum, vegna hugsanlegra áhrifa á vatnsgæði og ekki síður ímynd kalda vatnsins.

Því fer Orkuveita Reykjavíkur fram á að umhverfis- og auðlindaráðherra gangist fyrir nákvæmri yfirferð á þeim leyfum sem veitt hafa verið og aðdraganda þeirra leyfisveitinga, þeim lögum, reglum og samþykktum sem um vatnsverndarsvæðið gilda og hvort öllum skilmálum og skilyrðum var fylgt þegar slysið varð.

II.

Hér eru nokkur atriði sem starfsfólk Orkuveitunnar rak augun í við fyrstu skoðun:

1. Umhverfisstofnun veitti leyfi fyrir uppsetningu á aðstöðu við Þríhjúka með bréfi 7. desember 2012.
 - 1.1. Orkuveitu Reykjavíkur er ekki kunnugt um að leitað hafi verið umsagnar hagsmunaaðila vatnsverndar við veitingu leyfisins.
 - 1.2. Vatnsvernd er ekki nefnd í leyfinu heldur einungis skilmálar um vernd Bláfjallafólkvangs.
 - 1.3. Ekki er nefnt að olútankur verði settur upp við gíginn.
2. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis veitti Þríhjúkum ehf. starfsleyfi 12. desember 2012.
 - 2.1. Í 5. gr. *Samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar* segir: „Þurfi heilbrigðisnefnd að taka ákvörðun í samræmi við samþykkt þessa sem kann að varða vatnsvernd vatnsbóls á öðru eftirlitssvæði skal ákvörðun aðeins tekin að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd þess svæðis.“
 - 2.2. Orkuveitunni er ekki ljóst hvort leitað hafi verið eftir umsögnum hagsmunaaðila við veitingu leyfisins eða samráð haft við aðrar heilbrigðisnefndir á svæðinu.
 - 2.3. Starfsleyfið er veitt með vísan til 30. gr. sömu samþykktar. Þar segir: „Á fjarsvæði A er atvinnurekstur og starfsemi háð starfsleyfi heilbrigðisnefnda og skal leyfi fyrir slíkri starfsemi því aðeins veita að tryggt sé að grunnvatn mengist ekki.“
3. Svo virðist sem olía á plasttönkum hafi verið flutt eftirlitslaust með vörubíl í Bláfjöll, trúlega fyrri hluta dags 8. maí sl.
 - 3.1. Athuga þarf leyfi fyrir flutningunum og hver hefði átt að biðja um tilskilda fylgd.
 - 3.2. Kanna þarf heimild fyrir slíkum flutningum m.t.t. almenns öryggis olúflutninga.
4. Óvíst magn þyrlueldsneytis var á svæðinu og virðist hafa verið flutt á staðinn án tilskilinnar fylgdar.
 - 4.1. Athuga þarf leyfi fyrir flutningunum og hver hefði átt að biðja um tilskylda fylgd.
5. Olúbíll flutti 4.000 lítra af eldsneyti í Bláfjöll umfram þörf.
 - 5.1. Bílstjóri olúbílsins lét eftirlitsmann OR vita af flutningunum og pantaði fylgd sem fékkst. Þetta var eina fylgd með olúflutningum, sem óskað var þennan dag.
 - 5.2. 1.800 lítrar af olíu voru pantaðir í Bláfjöll, en svo seint að ekki gafst tími til að létta af bílnum.
 - 5.3. Í *Öryggisreglum fyrir verktaka og aðra sem erindi eiga inn á vatnsverndarsvæði Reykjavíkur og nágrennis* segir að ekki megi fara með meira en 10% umframmagn varasamra efna um svæðið. Í þessu tilviki var magnið nærri 300% meira en pantað var.
 - 5.4. OR leyfði olúbílnum að fara um þrátt fyrir frávík frá öryggisreglunum.
6. Það virðist hafa verið gert ráð fyrir dælingu af olúbíl yfir í plasttanka á útskoti á Bláfjallavegi þar sem engar lekavarnir eru.
 - 6.1. Samkvæmt upplýsingum Orkuveitunnar má t.d. ekki fylla snjótroðara í Bláfjöllum af eldsneyti nema inni í skemmu þar sem olúgildirur eru í fráveitu.

7. Eldsneyti var dælt á þyrluna á svæðinu án sjáanlegra lekavarna.

7.1. Samkvæmt upplýsingum Orkuveitunnar má t.d. ekki fylla snjótroðara í Bláfjöllum af eldsneyti nema inni í skemmu þar sem olúgildir eru í fráveitu.

8. Orkuveitunni virðist sem áformað sé að geyma talsverðar olúbirgðir við Þríhnjúka með óvissum mengunarförnum.

8.1. OR er ekki ljóst hvort varsla þeirra olúbirgða við Þríhnúkaágís rúmast innan starfsleyfisins.


Sé frekari upplýsinga, ljósmynda eða annarra gagna óskað vegna þeirra atriða, sem hér eru talin upp, er starfsfólk Orkuveitunnar boðið og búið að útvega þær.

III.

Í fréttatilkynningum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur 10. maí og Orkuveitu Reykjavíkur 8. maí er því lýst hvernig þessir aðilar hyggjast taka á afleiðingum þessa olúslyss með auknum sýnatökum. Mikilvægasta úrvinnsla slyssins er þó að allir aðilar dragi af því lærdóm.

Leitað er til umhverfis- og auðlindaráðherra um að gangast fyrir því að aðilar geri það sameiginlega þar sem málið varðar undirstofnanir ráðuneytisins og málaflokk sem ráðuneytið fer fyrir.

Virðingarfyllst,



Hólmfríður Sigurðardóttir

umhverfisstjóri Orkuveitu Reykjavíkur